Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Svæðisskipulagsnefnd
B.t. Ásdísar Ólafsdóttur, svæðisskipulagsstjóra
Hamraborg 9
200 Kópavogi

Kópavogi, 18. september 2026

Varðandi: Gunnarshólmi, ósk um meðferð máls vegna breytinga á vaxtarmörkum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Með bréfi dags. 28. apríl 2025 óskaði Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, f.h. svæðisskipulagsnefndar frekari gagna frá Kópavogsbæ varðandi beiðni bæjarins um að hefja vinnu við breytingu á svæðisskipulagi með gerð lýsingar. Meðfylgjandi eru umbeðin gögn. Greinargerð dags. í 18. september 2026 um samræmi tillögunnar við meginmarkmið og leiðarljós svæðisskipulagsins, áhrif á byggðasamlög og löggæslu, áhrif á veitufyrirtæki og vega- og gatnakerfi sem og um staðsetningu svæðisins með tilliti til náttúruvár. Einnig eru meðfylgjandi umsagnir, minnisblöð og greinargerðir Sorpu, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Strætó, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Veitna, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. Framangreindir aðilar hafa fengið kynningu á áformum Kópavogsbæjar í Gunnarshólma og á Geirlandi og haft aðgengi að gögnum málsins við gerð umsagna sinna. Þá er einnig meðfylgjandi uppfært áhættumat vegna vatnsverndar, unnið af VSÓ ráðgjöf, dags. í nóvember 2025, og ítargögn áhættumats samtals 7 skjöl. Þá minnisblað Verkís um náttúruvá dags. 2. október 2025 og minnisblað HMS dags. 18. september 2025
Óskað er eftir að gögnin verði lögð fram á næsta fundi svæðisskipulagsnefndar, þann 16. október n.k.

Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026